

**Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu). (649.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu ákvæðis í almenn hegningarlög vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

Samhliða frumvarpi þessu er lögð fram tillaga til þingsályktunar, 652. mál, um aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Viðskiptaráð mælir með aðild Íslands að þeim samningi og er sú breyting sem ofangreint frumvarp felur í sér eðlileg breyting á almennum hegningarlögum því til samræmis.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands